

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2024, þriðjudaginn 23. apríl, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Ernu Birgisdóttur og Andra Val Ívarssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2024:

Framkvæmdarstjóri KSÍ

gegn

KFK og Búa Vilhjálmi Guðmundssyni

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Framkvæmdarstjóri KSÍ

Jörundur Áki Sveinsson, settur framkvæmdastjóri

Kærðu:

KFK og Búi Vilhjálmur Guðmundsson

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 2. apríl 2024 var tekin fyrir greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 2. apríl 2024, sem send var nefndinni skv. grein 21.2 í lögum KSÍ.

Kærðu var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 2. apríl 2024. Greinargerð barst frá kærða, Búa Vilhjálmi Guðmundssyni, þann 9. apríl 2024.

II.

Málsatvik:

Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ kemur fram að málið varði útfyllingu leikskýrslu í leik KFK og Hvíta Riddarans, sem fram fór þann 22. mars 2024, í riðli 3 í B deild Lengjubikars KSÍ. Í ljós hafi komið eftir athugun skrifstofu KSÍ að í liði KFK í umræddum leik, hafi leikið Benedikt Jól Elvarsson og Sigurður Orri Magnússon, en nöfn þeirra voru ekki skráð á leikskýrslu af hálfu KFK. Þá hafi umræddir leikmenn átt að taka út leikbann í umræddum leik skv. úrskurði aga- og úrskurðarnefndar frá 19. mars 2024.

Leikskýrsla KFK hafi verið undirrituð af þjálfara liðsins, Búa Vilhjálmi Guðmundssyni.

Ofangreint kunnir að fara að gegn ákvæðum 36.1, 36.3 og 36.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

III.

Kærðu var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 2. apríl 2024 og barst greinargerð frá kærða, Búa Vilhjálmi Guðmundssyni, þann 9. apríl 2024. Ekki barst greinargerð af hálfu kærða, KFK.

Í greinargerð kærða, Búa Vilhjálms, kemur fram að leikskýrslan hafi verið útfyllt af liðstjóra leiksins í umræddum leik, Veigari Bjarka Hafþórssyni, sem hafi verið að leysa af annan aðila og verið að útfylla slíka skýrslu í fyrsta skipti. Hafi eina aðkoma kærða verið að prenta skýrsluna út og kvitta undir hana án þess að hafa lesið hana yfir. Hafi kærða þannig ekki verið kunnugt um að skýrslan væri ranglega fyllt út. Þá hafi kærða ekki verið kunnugt um að umræddir leikmenn hafi verið í leikbanni í leiknum og því ekki velt sérstaklega fyrir sér aðkomu þeirra í leiknum.

IV.

Niðurstaða:

Málið varðar þá háttsemi KFK að nota tvo leikmenn í liði leiksins gegn Hvíta Riddaranum, sem fram fór þann 22. mars 2024, í riðli 3 í B deild Lengjubikars KSÍ, sem voru á þeim tíma í leikbanni. Þá varðar málið jafnframt að KFK hafi falsað nafn þátttakenda með því að skrá nöfn leikmanna á leikskýrslu sem ekki spiluðu leikinn en í þeirra stað léku leikmennirnir Benedikt Jóel Elvarsson og Sigurður Orri Magnússon, sem voru á þeim tíma í leikbanni skv. úrskurði aga- og úrskurðarnefndar.

Kærða KFK hefur ekki skilað inn greinargerð í málinu. Í málinu liggur fyrir greinargerð frá kærða Búa Vilhjálmi Guðmundssyni þar sem umrædd brot eru ekki véfengd.

Ólöglega skipað lið

Um deildarbikarkeppni karla er fjallað í samnefndri reglugerð KSÍ. Í gr. 5.1 í reglugerðinni segir að knattspyrnulögin séu í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, eftir því sem við á.

Samkvæmt grein 6.3 í umræddri reglugerð skal forráðamaður heimaliðs, áður en leikur hefst, afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu en þó skal markvörður/markverðir skráðir fyrstir. Í 10. gr. reglugerðarinnar er fjallað um sektir og skal lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, sæta sekt að fjárhæð kr. 30.000, og að auki kr. 30.000 fyrir hvern leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með viðkomandi félagi og tekur þátt í leiknum. Svo er kveðið á um það í grein 11.2 að félag sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

Óumdeilt er að leikmenn KFK, Benedikt Jóel Elvarsson og Sigurður Orri Magnússon, voru ekki hlutgengir í umræddum leik sökum leikbanns. Var lið KFK því ólöglega skipað til leiks og skal sæta sekt að fjárhæð 90.000 kr.

Í máli nr. 2/2024, framkvæmdastjóri KSÍ gegn Hvíta Riddaranum og Ísak Ólafssyni, sem kveðinn var upp samhliða úrskurði þessum, var komist að þeirri niðurstöðu lið Hvíta Riddarans, hafi jafnframt verið ólöglega skipað í leik Hvíta Riddarans gegn KFK, sem fram fór þann 22. mars 2024, í riðli 3 í B deild Lengjubikars KSÍ þar sem félagið hafi notað leikmann í leiknum sem sætti leikbanni á sama tíma.

Í ljósi þess að bæði liðin voru ólöglega skipuð í leiknum verða úrslit hans látin standa óhögguð þrátt fyrir orðalag ákvæðis gr. 11.2 í reglugerðinni, um að lið sem noti leikmann í leikbanni teljist hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3, nema tap hafi verið stærra.

Fölsun leikskýrslu

Í málinu er óumdeilt að umræddir leikmenn kærða sem voru í leikbanni voru ekki skráðir á leikskýrslu en spilaðu leikinn og voru aðrir leikmenn, sem ekki spilaði leikinn, skráðir á skýrslu í þeirra stað. Telst umrædd háttsemi fela í sér fölsun á leikskýrslu. Er um sjálfstætt brot að ræða sem samkvæmt grein 36.3 í reglugerð um knattspyrnumót varðar sektum allt að kr. 100.000 í meistaraflökki, sé um vísvitandi brot að ræða.

Telur aga- og úrskurðarnefnd ljóst, miðað við gögn málsins, að KFK hafi vísvitandi ranglega fyllt út leikskýrslu í leik Hvíta Riddarans og KFK með því að falsa nafn og kennitölu þátttakenda. Í samræmi við grein 36.3 í reglugerð um knattspyrnumót skal því KFK til viðbótar framangreindri sekt sæta sekt að fjárhæð kr. 100.000.

Samkvæmt grein 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár. Við mat á beitingu ákvæðisins horfir aga- og úrskurðarnefnd til þess hver beri ábyrgð á fölsun leikskýrslu í því tilviki sem hér um ræðir og ber í því samhengi að horfa til atvika máls og til þeirra gagna sem liggja fyrir.

Í greinargerð kærða er því borið við að liðstjóri liðsins í umræddum leik, Veigar Bjarki Hafþórsson, hafi fyllt út leikskýrsluna og við það ekki haft neitt samráð við kærða, Búa Vilhjálm. Hafi eina aðkoma kærða verið að kvitta undir leikskýrsluna og afhenda til aðstoðardómara leiksins og það hafi kærði gert án þess að lesa skýrsluna yfir.

Með greinargerð kærða fylgdi undirrituð og vottuð yfirlýsing Veigars Bjarka Hafþórssonar, sem ber á sömu leið og er þar staðfest af hálfu Veigars Bjarka að ákvörðun um að setja ekki nöfn fyrrgreindra leikmanna á skýrsluna hafi verið tekin af honum og á engum tímapunkti hafi sú ákvörðun verið rædd við kærða. Þá staðfestir Veigar Bjarki enn fremur að kærði hafi ekki gefið honum nein fyrirmæli varðandi útfyllingu skýrslunnar.

Af ákvæðum 6. gr. reglugerðar KSÍ, sbr. 9. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er ljóst að það er á ábyrgð forráðamanns viðkomandi liðs að útfylla leikskýrslu með réttum hætti. Er þannig gert ráð fyrir að viðkomandi forráðamaður staðfesti innihald skýrslunnar með undirritun sinni.

Í málinu liggur fyrir að Veigar Bjarki Hafþórsson var skráður leikmaður KFK í umræddum leik og spilaði leikinn sem markmaður liðsins. Var hann ekki í liðstjórn liðsins líkt og ranglega er haldið fram í greinargerð kærða. Verður ábyrgð á gerð leikskýrslu ekki færð á leikmenn liðs og er ekkert ákvæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sem heimilar að leikmanni sé gerð refsing í tengslum við útfyllingu og skil leikskýrslu. Þegar af þeirri ástæðu verður Veigari Bjarka ekki gerð nein refsing í málinu.

Í dómi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 1/2022 var fjallað um sönnunarkröfur í tengslum við beitingu gr. 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Kemur þar fram að ríkar kröfur verði að gera til þess að fella háttsemina undir viðurlagaákvæðið og verði því ekki beitt nema skilyrði þess séu ótvírætt uppfyllt eða háttsemin falli ótvírætt undir verknaðarlýsingu ákvæðisins.

Um sönnunarkröfur í málum fyrir aga- og úrskurðarnefnd hefur m.a. verið fjallað í dómum Áfrýjunardómstóls KSÍ í málum nr. 1/2021 og nr. 1/2023. Þannig verði að liggja fyrir fullnægjandi líkur á að nafn eða kennitala hafi verið fölsuð á leikskýrslu fyrir tilstilli þjálfara eða forystumanns til að viðkomandi geti sætt leikbanni á grundvelli gr. 36.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Í málinu liggur fyrir viðurkenning af hálfu kærða, Búa Vilhjálms, að hann hafi ritað undir leikskýrsluna sem þjálfari KFK og afhent hana dómara leiksins. Með undirritun sinni tók kærði, sem forráðamaður KFK, ábyrgð á innihaldi skýrslunnar og að hún væri rétt úr garði gerð. Þeirri ábyrgð getur hann ekki varpað á leikmann liðsins. Breytir hér engu um ábyrgð kærða sú staðhæfing hans að hann hafi ekki lesið skýrsluna enda bar honum að tryggja að leikskýrslan væri rétt áður en hann staðfesti hana með undirritun sinni. Þá getur kærði heldur ekki borið fyrir sig að hann hafi ekki vitað af leikbanni þeirra tveggja leikmanna sem spiluðu umræddan leik enda lágu þær upplýsingar fyrir þremur dögum fyrir umræddan leik. Verður jafnframt að telja með miklum ólíkindablæ, að markmaður KFK hafi vitað af leikbanni umræddra leikmanna, líkt og kemur fram í yfirlýsingu hans, en ekki þjálfari liðsins, og að markmaðurinn hafi upp á sitt einsdæmi tekið þá ákvörðun að falska leikskýrsluna með því að undanskilja nöfn þeirra leikmanna sem voru í leikbanni og setja nöfn annarra leikmanna, sem ekki spiluðu leikinn í staðinn.

Að öllu framangreindu virtu, er það mat aga- og úrskurðarnefndar að kærði Búi Vilhjálmur Guðmundsson, beri ábyrgð á fölsun leikskýrslu í leik í leik Hvíta Riddarans gegn KFK, sem fram fór þann 22. mars 2024, í riðli 3 í B deild Lengjubikars KSÍ. Með vísan til greinar 36.4, alvarleika brotsins og þess að brotið er framið í deildarbikarkeppni KSÍ og að teknu tilliti til gagna málsins í heild, skal Búi Vilhjálmur Guðmundsson sæta leikbanni í leikjum KFK í keppnum á vegum KSÍ í 3 mánuði. Leikbann Búa Vilhjálms Guðmundssonar tekur gildi við uppkvaðningu úrskurðar.

Telur aga- og úrskurðarnefnd rétt að benda á að ábyrgð á gerð leikskýrslu verður ekki færð af forráðamönnum liða og sú háttsemi kærða Búa Vilhjálms Guðmundssonar, sem hann hefur viðurkennt í greinargerð sinni, að fela leikmanni liðsins að fylla út skýrsluna en kvitta svo sjálfur undir hana og afhenda hana dómara leiksins án þess að yfirfara hana er verulega ámælisverð.

VI.

Úrskurðarorð:

KFK skal sæta sekt samanlagt að fjárhæð kr. 190.000 til KSÍ.

Búi Vilhjálmur Guðmundsson skal sæta leikbanni í leikjum KFK í keppnum á vegum KSÍ í þrjá mánuði.

Úrslit í leik Hvíta Riddarans gegn KFK, sem fram fór þann 22. mars 2024, í riðli 3 í B deild Lengjubikars KSÍ, standa óhöggud.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þröstur Ríkhartsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]